



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Stracta Hótel á Hellu, föstudaginn 5. apríl 2019 kl. 11:30.

Setning aðalfundar

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og notaði tækifærið og þakkaði starfsfólki MSS fyrir vel unnin störf.

Formaður stjórnar lagði fyrir fundinn að Ágúst Sigurðsson yrði fundarstjóri og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir fundarritari. Það var samþykkt af fundinum.

Yfirlit ársins 2018 og áherslur 2019

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir verkefni ársins 2018. Framkvæmdastjóri kynnti starf MSS og helstu verkefni síðastliðins árs, meðal þeirra voru t.d. 10 ára afmæli MSS, hugmyndir um áfangastaðastofur, samstarf, ráðgjöf SASS, áfangastaðaáætlanir, markaðssetning áfangastaðarins, vefmál og samfélagsmiðlar, sýningar og viðburðir, samskipti við ferðasala, útgáfu, innra starf, hagsmunagæslu, jákvæð áhrif ferðaþjónustu, fjölmiðla og PR skrifstofur.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir rekstraráætlun og áherslur ársins 2019. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir tölur um ferðaþjónustu á Suðurlandi og nýjustu strauma og stefnur í ferðalögum sem eru framundan í ferðaþjónustu á heimsvísu.

Góðar umræður sköpuðust eftir kynninguna t.d. um vefinn, skort á hagtölum, markaðssetningu svæðis og mikilvægi þess að leiðrétta mýtur.

Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2018

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, kynnrir helstu atriði ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2018. Á árinu 2018 var fjöldi aðildarféлага svipaður og árið á undan en MSS og Ferðamálasamtök Vestmannaeyja gerðu með sér samstarfssamning og eru þar með öll sveitarfélög orðin samstarfsaðilar. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með 3.256.350 kr. hagnaði. Sú upphæð fer í að greiða uppsafnað rekstrartap síðustu ára. Björg og Dagný svöruðu spurningum sem bárust um ársreikning.

Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2019- 2020

Fyrir aðalfund 2019 bárust þrjú framboð og hver frambjóðandi kynnti sig stuttlega. Kosningar fóru fram og hlutu Kristín Jóhannsdóttir og Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir kosningu sem aðalmenn og Ragnhildur Ágústsdóttir tekur sæti sem varamaður.

Nýja stjórn skipa:

Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
Ólafur Páll Vignisson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Ása Valdís Árnadóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Jóhannsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Katrín Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
Eva Björk Harðardóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sindri Ragnarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Ragnhildur Ágústsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Bjarni Freyr Báruson, Páll Marvin Jónsson og Sigurlaug Gissurardóttir aðalmenn og Anna María Ragnarsdóttir varamaður eru að láta af störfum í stjórn markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings**Skoðunarmenn ársreiknings:**

Elva Dögg Þórðardóttir
Kristófer Tómasson
Rakel Theodórsdóttir til vara
Eydís Þ. Indriðadóttir til vara

Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 13:30

Málþing var haldið að loknum aðalfundi.

Áfangastaðurinn Suðurland – Upplifun og umhverfi

Setning málpings

Dagný H. Jóhannsdóttir, *framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Hvernig mun ferðapjónustan breyta samfélagi og menningu á Suðurlandi?

Þorvarður Árnason, *forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði*

Draumaáfangastaðurinn Suðurland – Hvert stefnum við?

Laufey Guðmundsdóttir, *verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands – DMP*

Ferðapjónn, hvað er nú það? - Kynning á nýrri námskrá frá Fræðslunetinu – símenntun á Suðurlandi

Sólveig R. Kristinsdóttir, *verkefnisstjóri*

Súpufundir Markaðsstofu Suðurlands – kynning á vorfundum

Anna Valgerður Sigurðardóttir, *verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Kaffihlé

Markaðssetning áfangastaða og mikilvægi samvinnu og þátttökuvilja fyrirtækja í því ferli

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, *sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála*

Startup Tourism – Upplifun og reynsla

Smári Stefánsson, *The Cave People og Rannveig Ólafsdóttir, Iceland Bike Farm*

Fundarstjóri: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, *markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra*